

Ólafur Ágústsson (1891-1971), smiður, Akureyri

Afhending 2011/50

Ólafur Friðbjörn Ágústsson f. 8. september 1891 á Oddeyrinni, d. 21. desember 1971, var húsgagnasmiður, trésmíðameistari og húsgagnasali á Akureyri.

Ólafur var fæddur og uppalinn Akureyringur. Foreldrar hans voru Jón Ágúst Jónsson f. 23.8.1864 d. og Salvör Níelsdóttir f. 7.7.1856, d. 20.9.1932.

Ólafur ólst upp hjá foreldrum sínum, en þegar hann hafði aldur til, lærði hann húsgagnasmíði hjá Karli Hanssyni húsgagnameistara og vann sem húsgagnasmiður. Húsgagnaverkstæðið hans sem bar nafnið „Ólafur Ágústsson & Co.“ mun á sínum tíma hafa verið stærsta verkstæði landsins utan Reykjavíkur. Í auglýsingum frá verkstæðinu má sjá að þeir smíða „húsgöng og alls konar innréttingar, svo sem í: Kjörbúðir, Skrifstofur, Banka, Samkomuhús o.fl.“

Ólafur kvæntist Rannveigu Sumarrós Þórarinsdóttur f. 28. júlí 1891, d. 28. júní 1982 þann 1. júlí 1916. Þau áttu tvo syni. Ágúst Ólafsson f. 24. Maí 1924, d. 25. september 2001 og Þórarinn Bjarnhéðinn Ólafsson f. 25 september 1919, d. 29. apríl 1943.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

2. apríl 2025

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2011 / 50

A-Ólafur Ágústsson og fjölskylda

A-Ólafur Ágústsson og fjölskylda

1894 - 1967

A	1	1	1894 - 1961	Vegabréf; nafnskírteini; norræn ferðaskírteini; félagsskírteini BÍS; einkunnabækur; sveinsbréf Ágúst Ólafssonar; ellilífeyrisskírteini; bólusetningarvottorð; gagnfræðiprófsskírteini.
A	1	2	1936 - 1944	Skólamynd, lðnskólinn á Akureyri 1942-1943; Bekkjarblaðið Joker, III bekkur MA 1936-1937; Listi yfir IV bekkina 1944.
A	1	3	1917 - 1967	Kvittanir og víxlar.
A	1	4	1915 - 1948	Bréf og póstkort.
A	1	5	1937 - 1942	Höfuðbók 1, Ólafur Ágústsson, 1939-1940.
A	2	1	1948 - 1960	Dagbók Ólafs Ágústssonar og co.
A	3	1	1908 - 1908	Mynd, merkt „Verkstæði Karls Hanssonar, bakhús við Strandgötu, 1908 (Ólafur Ágústsson á myndina).